



og átti þar heima til 1970, er hann fluttist til Reykjavíkur. Annaðist afgreiðslu fiskflutningaskipa til Englands stríðsárin 1939—1945. Sá um útgerð og sildarsöltun á Siglufirði fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga 1937—1955, framkvæmdastjóri þess 1945—1961, er félagið hætti störfum. Umboðsmaður Brunabótafélags Íslands 1954—1970. Forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar 1952—1962. Vararæðismaður Svíþjóðar á Ísafirði 1958—1970. Skip. 1959 í endurskoðunarnefnd laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1962 í endurskoðunarnefnd laga um sildarútvegsnefnd o. fl., haustið 1962 í endurskoðunarnefnd jarðræktarlaga og 1965 í nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu Skipaútgerðar ríkisins. Í stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum síðan 1967. Í sildarútvegsnefnd 1968—1973, formaður nefndarinnar. Sat á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1961 og 1971.

*Ritstjóri:* Skutull, 27.—49. árg. Ísaf. 1949—71.

*Þýðandi:* S. Jameson. Síðasta nóttin. Ísaf. 1945. (Ásamt Guðmundi G. Hagalín).

*Heimild:* Nordisk kontakt 1965, 4.



BIRGIR KJARAN, 1916—1976. Landsk. alþm. 1959—1963. Alþm. Reykv. 1967—1971. Vþm. Reykv. apríl—maí og okt.—nóv. 1972, febr.—apríl og nóv.—des. 1973 og febr.—maí 1974. — F. í Reykjavík 13. júní 1916, d. þar 12. ágúst 1976. For.: Magnús (f. 19. apríl 1890, d. 17. apríl 1962) Kjaran kaupmaður þar Tómasson bónda í Vælugerði í Flóa, síðar sjómanns og verkamanns í Reykjavík Eyvindssonar og k. h. Soffía (f. 23. des. 1891, d. 28. des. 1968) Kjaran, dóttir Franz sýslumanns í Hafnarfirði Siemsen. — K. (1. júlí 1941) Sveinbjörg Helga (f. 8. des. 1919), dóttir Sophusar Blöndal verslunarstjóra og ritstjóra, síðar skrifstofustjóra sildarútvegsnefndar á Siglufirði og k. h. Ólafar húsmæðrakennara Hafliðadóttur. — Stúdent 1935 Reykjavík. Nám í hagfræði við háskólana í Kiel og München 1935—1938, B. Ec. Sc.-próf 1938 Kiel. Framhaldsnám við London School of Economics veturinn 1939—1940. Sótti námskeið við háskólann í Oxford 1940 og var í frönskunámi í Vervier í Belgíu. Hlýddi á fyrirlestra í hagfræði og alþjóðarétti við Sorbonne-háskóla í París hluta úr vetri 1952. Skrifstofustjóri Shell hf. í Reykjavík 1940—

1946. Framkvæmdastjóri Heildverslunar Magnúsar Kjara 1946—1971 og Bókfellsútgefunnar 1944—1971. Kennari í hagfræði við Verslunarskóla Íslands 1941—1948. Í menntamálaráði 1956—1963. Formaður náttúruverndarráðs 1960—1972. Í bankaráði Seðlabankans frá 1961, formaður til 1972 og formaður Ólympíunefndar Íslands 1962—1973. Í Norðurlandaráði 1970—1971.

*Rit:* Frjáls verzlun. Rv. 1950. Sérpr. Stefnir, 1. árg. — Ísland í alþjóðlegri efnahagssamvinnu. Rv. 1952. Sérpr. Heimdallur 25 ára. — Island. 1955. Sérpr. Handwörterbuch der Sozialwissenschaften. — Sinna verka njóti hver. Þankabrot um vinnuna, verkamenn og sjálfstæðisstefnuna, skrifuð niður í tilefni af 20 ára afmæli Óðins. Rv. 1958. — Hve mikil opinber afskipti eru samrýmanleg lýðræðislegu þjóðskipulagi? Rv. 1959. — Sósíal-líberalisminn og félagslegur markaðsbúskapur. Rv. 1959. — Um sjálfstæðisstefnuna. Rv. 1959. — Vegurinn til almennrar velmeðunar. Rv. 1959. — Veldur það vökunum. Fjórir þættir til varnar frelsinu. Rv. 1959. — Fagra land. Ferðapistlar og frásögubættir. Rv. 1960. — Auðnustundir. Rv. 1964. — Ólafur Thors. Nokkrar svipmyndir af látnum leiðtoga. [Rv. 1966]. — Haförninn. Safnrit. Rv. 1967. — Skaftafell. Þingvellir. Þjóðgarðar Íslands. The National Parks of Iceland. Islands nationalparker. Die isländischen Nationalparks. Rv. 1969.

*Ritstjóri:* Frjáls verzlun, 1959.



BJARNFRÍÐUR LEÓSDÓTTIR, f. 1924. Vp.m. Vesturl. nóv. 1971, febr.—mars 1972, apríl—maí 1974 og jan.—febr. 1975. — F. á Mástöðum á Akranesi 6. ágúst 1924. For.: Leó (f. 10. nóv. 1895, d. 12. febr. 1958) bifreiðarstjóri á Akranesi Eyjólfsson sjómanns, síðar vegaverkstjóra í Háabæ og Bræðratungu á Akranesi og k. h. Málfriður (f. 20. okt. 1896) Bjarnadóttir bónda í Nýlendu í Meðallandi, síðar trésmiðs á Eyrarbakka og Akranesi Vigfússonar. — M. (25. des. 1945) Jóhannes (f. 26. júní 1917, d. 15. febr. 1974) sjómaður

á Akranesi Finnsson útvegsbónda á Kaldá í Önundarfirði Guðmundssonar og k. h. Steinunnar Jóhannesdóttur. — Húsmóðir á Akranesi.

BJARNI ÁSGEIRSSON, 1891—1956. Alþm. Mýr. 1927—1951. — F. 1. ágúst 1891 í Knarrarnesi á Mýrum, d. í Osló 15. júní 1956. For.: Ásgeir (f. 13. maí 1853, d. 3. febr. 1943) bóndi í Knarrarnesi Bjarnason bónda þar Benediktssonar og k. h. Ragnheiður (f. 20. janúar 1855, d. 20. maí 1946) Helgadóttir bónda í Vogu Helgasonar alþm. Helgasonar. — K. (11. maí 1918) Ásta (f. 20. sept. 1895, d. 26. apríl 1977) Jónsdóttir skipstjóra í Reykjavík